

Aðalfundur Almannaheilla

Haldinn þriðjudaginn 3.júní 2025 kl. 16:30 í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg 28 í Reykjavík.

Fundargerð

1. Setning fundar

Tómas Torfason formaður stjórnar bauð fundarfólk velkomið og setti fundinn.

2. Ávarp

Inga Sæland, félags- og húsnæðismálaráðherra ávarpaði fundinn.

Meðal þess sem hún nefndi var:

- Þörfin hefur aldrei verið meiri fyrir almannaheillafélög en nú. Hvar væri samfélagið statt ef almannaheillafélög væru ekki til staðar? Í dag eru 586 almannaheillafélög skráð sem lögaðilar. Það væri hægt að vinna meira saman og skoða jafnvel sameiningar.
- Veit að það er ósk um stjórnvöld komi til móts við almannaheillafélög, t.d. með því að fella niður virðisaukaskatt af tækjum sem nota þarf til björgunarstarfa.
- Hefur dáðst að félagasamtökum, þau eru ekki bara viðbragðsaðilar heldur líka frumkvöðlar.
- Hafa sterka rödd en gerir sér grein fyrir að rekstur margra þeirra sé þungur, og stjórnvöld þurfa að koma meira inn til að aðstoða.
- Minntist á Fund fólksins og hversu vel heppnaðir þeir fundir hafi verið.

3. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Stjórn stakk upp á Bjarna Gíslasyni (Hjálparstarf Kirkjunnar) sem fundarstjóra, samþykkt samhljóma. Fundarstjóri tók við fundinum og spyr hvort stjórn hafi tilnefnt fundarritara. Tillaga frá stjórn að Elísabet Hrund Salvarsdóttir (UMFÍ) yrði fundarritari. Samþykkt samhljóma.

4. Skýrsla stjórnar um nýliðið starfsár og starfið framundan

Tómas Torfason, formaður stjórnar, fór yfir skýrslu stjórnar um nýliðið starfsár. Þar kom fram að stjórnin lagði upp verkefnalista í þremur liðum.

Farið var yfir það sem gert var frá síðasta aðalfundi:

- Fundur fólksins, gerðar áherslubreytingar á fyrirkomulagi. Eyrún Magnúsdóttir var fengin sem verkefnastjóri. Lýðræðishátíð unga fólksins var haldin um morguninn.
- Á degi sjálfboðaliðans, 5.desember, var Tinna Björnsdóttir valin sjálfboðaliði ársins 2024.
- Ný heimasíða hönnuð fyrir Almannaheill.
- Fræðslufundur um VSK og almannaheillafélög í mars, fundurinn var vel sóttur.
- Starfsaðstaða fyrir heimilislaus almannaheillafélög að Urriðaholtsstræti. Í dag eru 4 félög

að nýta aðstöðuna.

- Dagur frjálsra félagasamtaka, 27.febrúar, minnt var á daginn og mikilvægi almannaheillafélaga með blaðagrein.

- Heimsóknir frá almannaheillasamtökum í Eistlandi og Jeannie Entenxa og Kelly Le Roux frá Minnesota háskóla til að fræða um umfang, hlutverk og skipulag þriðja geirans á Íslandi.

- Tvö ný aðildarfélög, LUF og HD samtökin.

Að lokum þakkar Tómas stjórnarfélagi fyrir sitt framlag og Eyrúnu Magnúsdóttir fyrir sitt framlag vegna Fundur fólksins.

5. Skýrsla um fjárhag samtakanna

Ingveldur Jónsdóttir gjaldkeri stjórnar fór yfir skýrslu um fjárhag samtakanna, en reikningar félagsins höfðu verið sendur út fyrir aðalfund. Meiri kostnaður vegna Fundur fólksins og nýrrar heimasíðu.

6. Umræður um skýrslur og afgreiðsla ársreiknings

Engar spurningar um ársreikning eða skýrslur.

Skýrslurnar voru samþykktar.

7. Kosning stjórnar og skoðunarmanna

Hildur Helga Gísladóttir (KRFÍ) leiddi uppstillingarnefndina, en með henni voru Árni Einarsson (Fræ), Guðlaug Birna Guðjónsdóttir (Krabbameinsfélagið) og Jónas Guðmundsson (Neytendasamtökin).

Tillaga uppstillingarnefndar um stjórn Almannaheilla 2025 – 2026 er:

- Hildur Flovenz (KRFÍ), formaður til 2026.
- Ragnhildur Freysteinsdóttir (Skógræktarfélag Íslands), til 2027.
- Sigurgeir B. Þórsson (Bandalag Ísl. skáta), til 2027.
- Jón Aðalsteinsson (UMFÍ), til 2027.

Þessi voru kjörin til tveggja ára í fyrra:

- Ingveldur Jónsdóttir (ÖBÍ), til 2026
- Sigríður Sólán (Foreldrajafrétti), til 2026
- Tryggvi Axelsson (ADHD samtökin), til 2026

Tillaga um varastjórn Almannaheilla 2025 – 2026:

- Tinna Isebarn (LUF)
- Sigurður Sigurðsson (Heimili og skóli)
- Una Gunnarsdóttir (SKB)
- Una Sveinsdóttir (Kvenfélagasamband Ísl.)
- Berglind Gunnarsdóttir (Foreldrahús)
- Stefanía Traustadóttir (U3A)
- Gunnar Hersveinn (SÁÁ)

Tillaga að skoðunaraðilum reikninga:

- Einar Haraldsson (UMFÍ)
- Vilhjálmur Bjarnason (Samtök sparifjäreigenda)

Til vara Þóra Þórarinsdóttir (Ás styrktarfélag)

Tillögurnar voru samþykktar samhljóma.

8. Ákvörðun um gjaldskyldu aðildarféлага

Stjórnin lagði til að árgjaldið héldist óbreytt.

Tillagan var samþykkt samhljóma.

9. Lagabreytingar og aðrar tillögur

Engar lagabreytingar lágu fyrir að þessu sinni.

10. Önnur mál

- Aðalsteinn Gunnarsson (IOGT) sagði frá málþingi 16.júní.

- Halla Þorvaldsdóttir (Krabbameinsfélagið) rifjaði upp að fyrir einhverjum árum hafi verið rætt hvort það væri ástæða til þess að meta hversu mikið almannaheillafélög væru að leggja til samfélagsins. Væri hægt að nálgast þetta á einhvern hátt? Gísli Jónsson (MND félagið) tók undir að það vanti tölfræðina, t.d. í samtali við stjórnvöld.

Dagmar (Kvenfélagasambandið) styður þessa tillögu frá Höllu. Tillaga um að ný stjórn skoði hvernig hægt sé að nálgast upplýsingar um hvað almannaheillafélög leggi til samfélagsins, tölfræðilegar upplýsingar.

- Tómas Torfason fer yfir sértæka ályktun vegna bráðabirgðaákvæðis XLIV í lögum um virðisaukaskatt nr.50/1988 og hvatningu aðalfundar Almannaheilla að stjórnvöld framlengi þetta ákvæði. Lagt til að aðalfundur samþykki þessa ályktun. Tillagan var samþykkt samhljóma.

- Halla Þorvaldsdóttir (Krabbameinsfélagið), minnst einnig á hvort útbúa ætti ályktun um niðurfellingu á virðisaukaskatt, að hann yrði felldur niður af öllum innkaupum almannaheillafélaga ekki eingöngu vegna tækjakaupa.

Samþykkt að vinna áfram með þessa ábendingu inni í stjórn en ekki útbúa ályktun á þessum aðalfundi Almannaheilla.

11. Fundi slitið

Fundarstjóri afhenti formanni fundinn. Formaðurinn þakkaði fundarstjóra, ritara, gesti fundarins og „heimafólki“ fyrir fundaraðstöðu og veitingar.

Lokaorð fráfarandi formanns: Hvar værum við ef það væru ekki öll þessi félög.

Fráfarandi formanni er þakkað fyrir hans störf af fundarstjóra og fundargestum.

Fundi slitið klukkan 16:52.